



Alþingi  
Erindi nr. P 131/100  
komudagur 16.11.2004

Reykjavík  
15.nóvember 2004

v/131. löggjafarþing  
v/Þskj. 13 – 13. mál

## Umsögn um frumvarp til laga frá Samtökum um kvennaathvarf Um fórnarlamba- og vitnavernd

### UMSÖGN

Samtök um kvennaathvarf lýsa stuðningi við frumvarpið en leggja jafnframt áherslu á þau atriði sem koma fram í greinargerð.

### GREINARGERÐ MEÐ UMSÖGN

Ljóst er að mansal er orðið alþjóðlegt vandamál og því miður aðeins tímaspursmál hvenær það dynur á okkur af fullum krafti. Ýmsar vísbendingar hafa komið fram sem gefa til kynna að við verðum nú þegar vör við afleiðingar alþjóðlegra glæpahringja sem versla með konur. Þannig hefur Kvennaathvarfið hýst konur sem grunur leikur á að hafa flúið hingað til lands úr kynlífsþrælkun í öðrum löndum og sömuleiðis konur sem hafa verið blekktar hingað til lands í hjónaband eða til vinnu í kynlífsiðnaðinum.

Núverandi lög bjóða þessum konum litla vernd og í flestum tilvikum hefur þeim verið vísað úr landi og ómögulegt er að vita um núverandi stöðu þeirra. Erfitt er að fá vitneskju um raunverulegar aðstæður kvennanna þar sem þeim hefur ekki verið boðin nauðsynleg vernd og þar af leiðandi þagað þunnu hljóði gagnvart yfirvöldum um það sem þær hafa mátt þola. Því er lagt til að frumvarpið gangi lengra og bjóði konum fórnarlamba- og vitnavernd jafnvel þó að ekki hafi verið brotið á þeim hér á landi heldur sem afleiðingu af mansali milli annarra landa. Þannig tókum við ábyrgð á þessum glæpum sem þekkja fá landamæri.

Sérstaklega er lýst yfir ánægju með að fórnarlambaverndin gangi lengra en vitnaverndin og þar með að mannúðarsjónarmið ráði för.

Þá leggjum við einnig til að hnykket sé á því í lagafrumvarpinu að þær konur sem koma til landsins til að ganga í hjónaband eða til að búa með maka en verða fyrir ofbeldi af hendi hans bjóðist einnig nauðsynleg vernd og fái atvinnu- og dvalarleyfi óháð maka. Eins og frumvarpið lítur út núna má túlka það í þá veru, en nauðsynlegt er að enginn vafi leiki á rétti þessara kvenna.

Í tengslum við lagasetningu sem þessa verður að hafa í huga félagsleg úrræði og aðstoð við fólk sem brotið er á með þessum hætti. Kvennaathvarfið hýsir að sjálfsgöðu konur sem verða fyrir ofbeldi af einhverju tagi og lítum við á starf þess sem lið í félagslegum úrræðum tengdum afleiðingum mansals.